

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 12. júlí 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur Höfðahrepps 2003.

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2003. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum voru heildartekjur samstæðunnar 245.157 þúsund og reyndust 12.316 þús. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrakostnaður var 7.264 þús hærri en áætlun.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir sem nemur 11.215 þús. en rekstrarniðurstaða samstæðunnar var 1.982 þúsundum lægri en áætlun gerir ráð fyrir. Skatttekjur sveitarsjóðs námu 176.553 þús. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 168.047 þús. Halli á rekstri sveitarsjóðs nam 10.376 þúsundum.

Fyrir fundinum lá einnig endurskoðunarbréf Ólafs Kristinssonar endurskoðanda. Í því koma fram ýmsar ábendingar og samandregnar upplýsingar um ársreikninginn og stöðu sveitarsjóðs.

Hreppsnefnd fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarbréfið. Ársreikningurinn var borinn undri atkvæði og samþykktur samhljóða.

2. Bréf Siglingastofnunar um samgönguáætlun 2005-2008.

Í bréfinu kemur fram að á tímabili samgönguáætlunar er miðað við ný hafnalög árin 2007 og 2008 en fram að þeim tíma gildi kostnaðarskipting eldri hafnalaga. Með vísan til nýrra hafnalaga bendir Siglingastofnun á að Hafnarsjóður Höfðahrepps uppfylli skilyrði stafliða a) og c) í 24. gr. nýrra hafnalaga. Samkvæmt því lækkar hlutdeild ríkisins til endurbygginga kanta og viðlegu úr 60% í 40%.

Í bréfinu kemur fram tillaga til samgönguáætlunar fyrir framkvæmdir í Skagastrandarhöfn á tímabilinu 2005-2008.

Hreppsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti verkroð og framkvæmdaáætlun sem fram kemur í bréfinu en vísaði því til frekari umfjöllunar hafnarnefndar. Hins vegar gerði hreppsnefnd athugasemd við þá kostnaðarskiptingu sem fram kemur á árunum 2007 og 2008 og vísaði þar til ákvæðis í b) lið 24. gr. laga nr. 61/2003. Þar sem heimilað er að víkja frá tekjuviðmiðum hafna þegar aflaverðmæti hafnar gefur sannanlega ekki rétta mynd af eðlilegum tekjum hennar miðað við aðrar hafnir. Sveitarstjóra var falið að rita Siglingastofnun bréf og óska eftir að tekið verði tillit til þessa við samgönguáætlun.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 9⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

11. ágúst 2004

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

Gígja H. Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)